

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/660

2024/EES/41/27

frá 2. desember 2022

um nákvæmar reglur um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 473/2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning (1) og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 er mælt fyrir um verklagsreglur um uppfærslu á skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (hér á eftir nefnd „skrá Sambandsins“) sem og verklagsreglur sem gera aðildarríkjum kleift, við tiltekna aðstæður, að samþykkja sérstakar ráðstafanir sem fela í sér að sett er á flugrekstrarbann innan þeirra yfirráðasvæðis.
- 2) Rétt þykir að bæta nákvæmum reglum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 að því er varðar þær verklagsreglur.
- 3) Einkum þykir rétt að tilgreina hvaða upplýsingar aðildarríkin eigi að veita þegar þau fara fram á að framkvæmdastjórnin samþykki ákvörðun, skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, um að uppfæra skrá Sambandsins með því að setja nýtt flugrekstrarbann, aflétta núverandi banni eða breyta skilyrðum sem tengjast því.
- 4) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um skilyrði fyrir því að nýta rétt til varnar sem flugrekendum er veittur, sbr. þó ákvarðanirnar sem framkvæmdastjórnin samþykkir til að uppfæra skrá Sambandsins. Skýra ætti verklagsreglurnar að því er varðar rétt flugrekenda til varnar. Í þessari reglugerð eru því settar fram nákvæmar reglur varðandi það hvernig flugrekendur eigi að nýta sér rétt sinn til varnar þegar framkvæmdastjórnin íhugar hvort samþykkja eigi ákvörðun skv. 2. mgr. 4. gr. eða 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.
- 5) Í tengslum við uppfærslu á skrá Sambandsins er þess krafist í reglugerð (EB) nr. 2111/2005 að framkvæmdastjórnin taki tilhlýðilegt tillit til þess að þörf sé á að taka ákvarðanir með skjótum hætti og, eftir því sem við á, að innleiða ferli fyrir brýn málefni.
- 6) Framkvæmdastjórnin ætti að fá fullnægjandi upplýsingar um öll flugrekstrarbönn sem aðildarríkin setja á sem sérstakar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.
- 7) Til að laga sig að núverandi samskiptaaðferðum er nauðsynlegt að bjóða upp á meiri sveigjanleika við miðlun upplýsinga til viðeigandi þjónustudeilda framkvæmdastjórnarinnar.
- 8) Til glöggvunar á þeim hugtökum sem eru notuð er nauðsynlegt að tryggja samræmi þegar vísað er til yfirvaldsins sem ber ábyrgð á eftirliti með viðkomandi flugrekanda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 83, 22.3.2023, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2024 frá 26. apríl 2024 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 314, 27.12.2005, bls. 15.

- 9) Ákvæðum 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1243 ⁽²⁾. Með þeirri grein er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir. Samþykkja þarf tilteknar reglur með slíkum gerðum til að tryggja snurðulausa virkni verklagsreglnanna við uppfærslu skrár Sambandsins innan nýja lagarammans. Þær gerðir ættu að koma í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 ⁽³⁾ sem ætti því að fella úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nákvæmar reglur að því er varðar eftirfarandi verklagsreglur sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005:

- a) samantekt skrár Sambandsins,
- b) uppfærslu skrár Sambandsins,
- c) sérstakar ráðstafanir sem aðildarríki samþykkir,
- d) rétt til varnar sem flugrekandi nýtir sér,
- e) framfylgd aðildarríkis varðandi skrá Sambandsins.

2. gr.

Beiðnir aðildarríkja um að skrá Sambandsins verði uppfærð

1. Aðildarríki, sem leggur fram beiðni um að framkvæmdastjórnin uppfæri skrá Sambandsins í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, skal láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingarnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.
2. Senda skal beiðnina, sem tilgreind er í 1. mgr., til allsherjarsviðs framkvæmdastjórnarinnar. Auk þess skal samtímis senda upplýsingarnar, sem settar eru fram í I. viðauka, til þar til bærri þjónustudeilda stjórnarsviðs samgöngu- og flutningamála hjá framkvæmdastjórninni.
3. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa hin aðildarríkin um beiðnina sem tilgreind er í 1. mgr., fyrir milligöngu fulltrúa þeirra í flugöryggisnefndinni, í samræmi við verklagsreglurnar sem settar eru fram í innri reglum nefndarinnar. Framkvæmdastjórnin skal einnig upplýsa Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) þar að lútandi.

3. gr.

Sameiginlegt samráð við yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með viðkomandi flugrekanda

1. Aðildarríki, sem hyggst leggja beiðni fyrir framkvæmdastjórnina skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, skal hvetja framkvæmdastjórnina, Flugöryggisstofnunina og hin aðildarríkin til að taka þátt í hvers konar samráði við yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með viðkomandi flugrekanda.
2. Áður en ákvarðanirnar, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, eru samþykktar skal haft samráð, þegar það er viðeigandi og gerlegt, við yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með viðkomandi flugrekanda. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og aðildarríkin skulu, þegar þess er kostur, hafa samráð sín á milli.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1243 frá 20. júní 2019 um að laga nokkrar réttargerðir, sem kveða á um notkun reglunefndarmeðferðar með grannskoðun, að 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 241).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

3. Þegar brýna nauðsyn ber til er heimilt að hafa sameiginlegt samráð eftir að ákvarðanirnar, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og 5. gr., hafa verið samþykktar. Í því tilviki skal framkvæmdastjórnin upplýsa viðkomandi yfirvald um að ákvörðun verði samþykkt innan skamms skv. 2. mgr. 4. gr. eða 1. mgr. 5. gr.

4. Heimilt er að hafa samráð með bréfaskiptum og meðan á heimsóknnum á starfsstöð stendur til að gera kleift, eftir því sem við á, að safna gögnum.

4. gr.

Flugrekendur sem nýta sér rétt til varnar

1. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun, skv. 2. mgr. 4. gr. eða 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, skal hún birta viðkomandi flugrekanda upplýsingar um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem slík ákvörðun byggist á. Viðkomandi flugrekanda skal gefinn kostur á að leggja skriflegar athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina innan 10 virkra daga frá birtingu framangreindra staðreynda og forsenda. Ef ákvörðunin varðar fleiri en einn flugrekanda með vottun í sama ríki er litið svo á að ákvæðum um framlagningu skriflegra athugasemda fyrir framkvæmdastjórnina hafi verið fullnægt innan 10 virkra daga eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt yfirlögdum, sem bera ábyrgð á eftirliti með þessum flugrekendum, mikilvægar staðreyndir og forsendur sem hún fær í hendur.

2. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Flugöryggisstofnunina og aðildarríkin um þetta, fyrir milligöngu fulltrúa þeirra í flugöryggisnefndinni, í samræmi við verklagsreglurnar sem eru settar fram í innri reglum nefndarinnar. Að beiðni viðkomandi flugrekanda skal honum heimilt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri munnlega við flugöryggisnefndina áður en ákvörðun er samþykkt skv. 2. mgr. 4. gr. eða 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Við þetta tækifæri getur viðkomandi flugrekandi, fari hann þess á leit, notið aðstoðar yfirvaldanna sem bera ábyrgð á eftirliti með honum.

3. Í brýnum tilvikum skal þess ekki krafist að framkvæmdastjórnin uppfylli birtingarskylduna, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, áður en hún samþykkir bráðabirgðaráðstöfun í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

4. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun, skv. 2. mgr. 4. gr. eða 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, skal hún þegar í stað upplýsa viðkomandi flugrekanda og yfirlögdin, sem bera ábyrgð á eftirliti með honum, um það.

5. gr.

Framfylgd

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um allar ráðstafanir sem gerðar eru vegna framkvæmdar ákvarðana sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 2. mgr. 4. gr. eða 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

6. gr.

Sérstakar ráðstafanir sem aðildarríki samþykkir

1. Ef aðildarríki setur tafarlaust flugrekstrarbann á flugrekanda á eigin yfirráðasvæði, eins og heimilt er skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, skal aðildarríkið þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um það og senda henni upplýsingarnar sem settar eru fram í II. viðauka.

2. Ef aðildarríki viðheldur banni eða setur flugrekstrarbann á flugrekanda á eigin yfirráðasvæði, eins og heimilt er skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, skal aðildarríkið þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um það og senda henni upplýsingarnar sem settar eru fram í III. viðauka.

3. Beina skal upplýsingunum, sem settar eru fram í II. og III. viðauka, til allsherjarsviðs framkvæmdastjórnarinnar. Auk þess skal samtímis senda upplýsingarnar, sem settar eru fram í II. eða III. viðauka, til þar til bærri þjónustudeilda stjórnarsviðs samgöngu- og flutningamála hjá framkvæmdastjórninni.

4. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Flugöryggisstofnunina og hin aðildarríkin um þetta, fyrir milligöngu fulltrúa þeirra í flugöryggisnefndinni, í samræmi við verklagsreglurnar sem eru settar fram í innri reglum nefndarinnar.

7. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 473/2006

Reglugerð (EB) nr. 473/2006 er felld úr gildi.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

*I. VIÐAUKI***Upplýsingar sem aðildarríki, sem leggur fram beiðni skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, á að veita**

Aðildarríki, sem leggur fram beiðni um uppfærslu á skrá Sambandsins skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, skal veita framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar:

1. Varðandi aðildarríkið sem leggur fram beiðnina:
 - a) nafn og staða opinbers tengiliðar,
 - b) tölvupóstfang eða símanúmer opinbers tengiliðar.
2. Varðandi flugrekanda eða flugrekendur og loftför:
 - a) auðkenning á viðkomandi flugrekanda eða flugrekendum, þ.m.t. heiti lögaðila (tilgreint á flugrekandaskírteini eða ígildi þess), viðskiptaheiti (ef það er annað en heiti lögaðila), númer flugrekandaskírteinis (ef það er fyrir hendi), ICAO-kóði flugrekanda (ef hann er þekktur) og allar upplýsingar um tengiliði,
 - b) heiti og allar upplýsingar um tengiliði yfirvalds eða yfirvalda sem bera ábyrgð á lögboðnu eftirliti með viðkomandi flugrekanda eða flugrekendum,
 - c) upplýsingar um tegund eða tegundir loftfara, skráningarríki, skráningarnúmer og, ef þau eru fyrir hendi, framleiðsluráðnúmer viðkomandi loftfara.
3. Varðandi ákvörðunina sem beiðni er lögð fram um:
 - a) tegund ákvörðunar sem beiðni er lögð fram um: tilgreina skal hvort flugrekstrarbann sé sett á, flugrekstrarbanni sé aflétt eða skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni sé breytt,
 - b) gildissvið ákvörðunar sem beiðni er lögð fram um: tilgreina skal tiltekinn flugrekanda eða flugrekendur eða alla flugrekendur sem tiltekið yfirvald hefur eftirlit með og auðkenna skal tiltekið loftfar eða tegund eða tegundir loftfara.
4. Varðandi beiðni um að setja á flugrekstrarbann:
 - a) nákvæm lýsing á öryggisvanda (t.d. niðurstöður skoðana) sem leiddi til þess að farið var fram á algert bann eða bann að hluta (sem tengist, í röð, hverri af viðeigandi sameiginlegum viðmiðunum sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005),
 - b) yfirgripsmikil lýsing á skilyrði eða skilyrðum, sem mælt er með og skulu uppfyllt, svo unnt sé að fella fyrirhugað flugrekstrarbann úr gildi eða veita undanþágu frá því, sem er grunnur að gerð áætlunar um aðgerðir til úrbóta í samráði við yfirvald eða yfirvöld sem bera ábyrgð á lögboðnu eftirliti með viðkomandi flugrekanda eða flugrekendum.
5. Varðandi beiðni um að aflétta flugrekstrarbanni eða breyta skilyrðum sem tengjast því:
 - a) dagsetning og upplýsingar um samþykkt áætlun um aðgerðir til úrbóta, ef við á,
 - b) gögn um að í kjölfarið hafi verið farið að samþykktri áætlun um aðgerðir til úrbóta, ef við á,
 - c) ótvíræð skrifleg staðfesting yfirvalds eða yfirvalda, sem bera ábyrgð á lögboðnu eftirliti með viðkomandi flugrekanda eða flugrekendum, um að áætlun um aðgerðir til úrbóta hafi verið hrint í framkvæmd.
6. Varðandi birtingu:

Upplýsingar um hvort aðildarríkið hafi birt beiðnina opinberlega.

*II. VIÐAUKI***Orðsending frá aðildarríki um sérstakar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, um að setja á flugrekstrarbann á yfirráðasvæði þess**

Aðildarríki, sem upplýsir um að sett hafi verið flugrekstrarbann á flugrekanda á yfirráðasvæði þess, í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, skal veita framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar:

1. Varðandi aðildarríkið sem semur skýrsluna:
 - a) nafn og staða opinbers tengiliðar,
 - b) tölvupóstfang eða símanúmer opinbers tengiliðar.
2. Varðandi flugrekanda eða flugrekendur og loftför:
 - a) auðkenning á viðkomandi flugrekanda eða flugrekendum, þ.m.t. heiti lögaðila (tilgreint á flugrekandaskírteini eða ígildi þess), viðskiptaheiti (ef það er annað en heiti lögaðila), númer flugrekandaskírteinis (ef það er fyrir hendi), ICAO-kóði flugrekanda (ef hann er þekktur) og allar upplýsingar um tengiliði,
 - b) heiti og allar upplýsingar um tengiliði yfirvalds eða yfirvalda sem bera ábyrgð á lögboðnu eftirliti með viðkomandi flugrekanda eða flugrekendum,
 - c) upplýsingar um tegund eða tegundir loftfara, skráningarríki, skráningarnúmer og, ef þau eru fyrir hendi, framleiðslunúmer viðkomandi loftfara.
3. Varðandi ákvörðunina:
 - a) dagsetning, tímasetning og gildistími ákvörðunarinnar,
 - b) lýsing á ákvörðuninni um að synja um, svipta tímabundið, afturkalla eða setja takmarkanir á flugrekstrarleyfi eða tæknileyfi,
 - c) gildissvið ákvörðunarinnar: tilgreina skal tiltekinn flugrekanda eða flugrekendur eða alla flugrekendur sem tiltekið yfirvald hefur eftirlit með, tiltekið loftfar eða tegund eða tegundir loftfara,
 - d) lýsing á skilyrði eða skilyrðum, sem skulu uppfyllt, svo unnt sé að synja um, fella niður tímabundið, afturkalla eða setja takmarkanir á flugrekstrarleyfi eða tæknileyfi sem aðildarríki gefur út.
4. Varðandi öryggisvanda:

nákvæm lýsing á öryggisvanda (t.d. niðurstöður skoðana) sem leiddi til ákvörðunar um algert bann eða bann að hluta (sem tengist, í röð, hverri af viðeigandi sameiginlegum viðmiðunum sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005).
5. Varðandi birtingu:

Upplýsingar um hvort aðildarríkið hafi birt bannið opinberlega.

III. VIÐAUKI

Orðsending frá aðildarríki um sérstakar ráðstafanir, sem gripið er til, eins og heimilað er skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, um að viðhalda eða setja á flugrekstrarbann á yfirráðasvæði þess þegar framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að bæta ekki sambærilegum ráðstöfunum í skrá Sambandsins

Aðildarríki sem upplýsir um að flugrekstrarbanni á flugrekanda á yfirráðasvæði þess hafi verið viðhaldið eða það hafi verið sett á, eins og heimilað er skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, skal veita framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar:

1. Varðandi aðildarríkið sem semur skýrsluna:

- a) nafn og staða opinbers tengiliðar,
- b) tölvupóstfang eða símanúmer opinbers tengiliðar.

2. Varðandi flugrekanda eða flugrekendur og loftför:

Auðkenning á viðkomandi flugrekanda eða flugrekendum, þ.m.t. heiti lögaðila (tilgreint á flugrekandaskírteini eða ígildi þess), viðskiptaheiti (ef það er annað en heiti lögaðila), númer flugrekandaskírteinis (ef það er fyrir hendi), ICAO-kóði flugrekanda (ef hann er þekktur).

3. Varðandi tilvísun í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar:

- a) dagsetning og tilvísun í öll viðeigandi skjöl framkvæmdastjórnarinnar,
- b) dagsetning ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar eða flugöryggisnefndar.
